

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Hurðarbak Hurðarbak, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	23.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Matfugl - Hurðarbak	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Jónsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var ekki sett fram neitt frávik en ein ábending var gerð er varðar aðferðir við útreikninga á losun ammóníaks frá búinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Matfugl að Hurðarbaki þann 23. júní 2023.

Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 25. febrúar 2022 og gildir til 25. febrúar 2038.

Um er að ræða bú til framleiðslu á alifuglum og veitir starfsleyfið heimild til að halda 136.000 fugla á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Gjaldskrá
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Kvartanir
- Umfang starfseminnar
- Heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis
- Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft
- Eftirlit, innra eftirlit og vöktun (4. kafli í starfsleyfi)
- Áhættumat
- Vettvangsferð

1. Í síðasta eftirliti var sett fram eitt frávik varðandi losun ammóníaks í andrúmsloftið. Útreikningum um losun ammóníaks í andrúmsloftið bárust stofnuninni þann 2. nóvember 2022. Niðurstaða útreikninganna var að losun ammóníaks var árið 2021 0,02 kg/fuglastæði á ári sem er innan losunargildanna í BAT og frávikinu því lokið.

Í síðasta eftirliti var einnig sett fram ein ábending varðandi það að net skuli ávalt vera fyrir hurðaropi hauggeymslunnar til varnar ágangi fugla og sauðfjár. Í eftirlitinu núna var net vandlega strengt fyrir hurðaropið.

2. Upplýsingar um breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið og einnig kynntar í eftirlitinu.

3. Upplýsingar um gagnagrunn stofnunarinnar um mengaðan jarðveg voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið. Í eftirlitinu var rætt um gagnagrunnin en engin mengunaróhöpp hafa komið upp og reksturinn því ekki færður inn í gagnagrunninn.

4. Upplýsingar um nýja gjaldskrá voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið og voru einnig kynntar í eftirlitinu.

5. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst stofnuninni þann 20. apríl 2023.

6. Útstreymisbókhald fyrir árið 2022 barst stofnuninni þann 11. apríl 2023.

7. Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist til Umhverfisstofnunar frá síðasta eftirliti.

8. Samkvæmt starfsleyfi rekstraraðila er leyfilegur heildarfjöldi fugla 136.000 á hverjum tíma. Í eftirlitinu var

heildarfjöldi fugla á búinu innan við 80.000 sem er vel innan marka í starfsleyfinu. Verið er að byggja tvö ný eldishús sem hvort um sig samanstendur af tveimur eldishólfum. Þegar þessi hús verða komin í notkun fjölga fuglum á búinu upp að mörkum í starfsleyfinu.

9. Rekstraraðili sendi inn heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefni í græna bókhaldinu. Í því kemur fram að heildarlosun fosfórs var árið 2022, 2.268 kg sem samsvarar 0,04 kg P/fuglastæði. Losunarmörk skv BAT eru 0,02 -0,11 kg P/fuglastæði og er því losun fosfórs innan marka í BAT. Heildarlosun köfnunarefnis var árið 2022, 20.237 kg sem samsvarar 0,35 kg N/fuglastæði. Losunarmörk skv BAT eru 0,2-0,6 kg N/fuglastæði og er losun köfnunarefnis því innan marka í BAT.

10. Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt útreikninga á losun ammóníaks í andrúmsloftið fyrir undanengið ár (2022) skv BAT. Rekstraraðili notaði niðurstöðu síðasta árs og margfaldaði hana með fjölda fugla til að fá heildarlosun ammóníaks. Ekki var tekið tillit til fódurs, undirburðar eða dauðra fugla í útreikningunum heldur einungis stuðst við niðurstöðu síðasta árs.

11. Í eftirlitinu var farið yfir það hvernig skráningum skv 4.1 kafla í starfsleyfinu er háttað. Upplýsingar um hvern eldishóp eru skráðar í bók sem fylgir eldishópnum frá klakningu til slátrunar. Í þessa bók er m.a skráð fódurnotkun og vatnsnotkun. Olíunotkun og rafmagnsnotkun er skráð eftir reikningum fyrir hvert ár.

12. Farið var stuttlega yfir áhættumatið sem stofnunin hefur gert fyrir starfsemina, stofnunin mun í lok ársins uppfæra áhættumatið fyrir árið 2024.

13. Farið var í vettvangsferð og aðstæður á búinu skoðaðar. Engar athugasemdir voru gerðar í vettvangsferðinni.

**Frávik frá**

**Lýsing á fráviki**



## ÁBENDINGAR

Til þess að útreikningar á losun ammóníaks frá búinu séu skv BAT er nauðsynlegt að nota massajöfnuð eða losunarstuðla (sjá leiðbeiningar í kafla 4.9.2 í BAT) . Skv BAT skulu þessir útreikningar framkvæmdir á hverju ári. Ekki er nægjanlegt að margfalda niðurstöðu síðasta árs með fjölda fugla.

## ANNAÐ

Rætt var um dreifingu þriðja aðila á áburði frá búinu. Í starfsleyfinu er krafa um að þriðji aðili skuli fylgja BAT og starfsleyfi en Góðir Búskaparhættir taka á nánast öllum þeim þáttum. Það sem útaf stendur er:

1. Rekstraraðili ber að sjá til þess að vatnsgæðum nærliggjandi vatnshlota hraki ekki vegna meðhöndlunar, dreifingu eða geymslu húsdýraáburðar frá rekstrinum.
2. Dreifitímabilið 15. mars til 15. júní og 15. september til 1. nóvember.
3. Ekki skal dreifa húsdýraáburði innan 10 metra frá bökkum Laxár eða annars straum- eða stöðuvatns.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.08.2023

  
Kristín Kröyer

